



Póst- og fjarskiptastofnun
Friðrik Pétursson
Suðurlandsbraut 4, 2.hæð
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 30. apríl 2014

Efni. Athugasemdir við umræðuskjal um framtíðarfyrirkomulag alþjónustu

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) óskaði eftir hinn 1. febrúar 2014 viðbrögðum allra hlutaðeiganda aðila um framtíðarfyrirkomulag alþjónustu. Til grundvallar lagði stofnunin fram yfirlit um umræðuskjal. Bændasamtök Íslands telja eftir að hafa kynnt sér umræðuskjalið að óljóst sé hvaða áhrif fyrirætlun stofnunarinnar kann að hafa á fjarskiptamál íbúa í dreifðum byggðum - m.a. félagsmenn samtakanna, enda málið flókið og umfangsmikið. Bændasamtök Íslands vilja með bréfi þessu koma eftirfarandi sjónarmiðum á framfæri:

Bændasamtök Íslands leggja áherslu á að íbúum í dreifbýli verði veitt fullt aðgengi að fjarskiptaþjónustu, þ.m.t. talsímaþjónustu og gagnaflutningsþjónustu, með viðunandi gæðum og á sambærilegu verði og fjarskiptaþjónusta er veitt í þéttbýli. Sjá þarf til þess að þessi þjónusta verði veitt án tillits til viðskiptalegra sjónarmiða fjarskiptafyrirtækja á markaði, og þá eftir atvikum með stuðningi ríkisins. Háhraðaverkefnið í dreifbýli sem Fjarskiptasjóður ríkisins stóð fyrir er dæmi um verkefni með stuðningi ríkisins við uppbyggingu á fjarskiptaþjónustu í dreifbýli. Því verkefni lauk í mars á þessu ári og brýnt er að stjórnvöld tryggi áframhaldandi þjónustu og uppbyggingu á fjarskiptum í dreifbýli til að uppfylla þau markmið sem koma fram í fjarskiptaáætlun Alþingis. Öflug fjarskipti um allt land er einn af hornsteinum markvissrar byggðastefnu stjórnvalda. Um er að ræða lágmarksréttindi íbúa landsins hvar sem þeir búa og þurfa stjórnvöld að tryggja jafnræði allra íbúa landsins óháð staðsetingu.

Bændasamtök Íslands óska eftir upplýsingum um hvernig tryggja á rétt allra notenda á alþjónustu, óháð staðsetningu, sbr. 19. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, ef alþjónustuveitandi er ekki útnefndur af PFS. Bændasamtök Íslands geta ekki stutt þá afstöðu PFS að útnefna ekki alþjónustuveitanda ef slík ákvörðun kann að hafa í för með sér lakara aðgengi íbúa í dreifbýli að talsíma- og gagnaflutningsþjónustu eða að kostnaður aukist. Í þessu sambandi er mikilvægt að gæði alþjónustu í dreifðum byggðum dragist ekki aftur úr þróun sem kann að eiga sér stað í þéttbýli.

Bændasamtök Íslands voru sammála PFS að framlengja núgildandi kvöð á Mílu, a.m.k. tímabundið. Það er eðlilegt að kvöðinni verði ekki aflétt á meðan ekki liggja fyrir allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að taka upplýsta ákvörðun um það. Í umræðuskjali PFS kemur eftirfarandi fram:

Það er skoðun stofnunarinnar að ef ekki verður skapað umhverfi sem brýtur upp þá kyrrstöðu sem í dag er uppi, um aðgengi dreifbýlis að fjarskiptaþjónustu, sambærilegri og í þéttbýli, að ákveðnir landshlutar muni hreinlega sitja eftir og íbúar á þeim stöðum muni ekki í framtíðinni geta nýtt sér þá möguleika sem nútíma fjarskiptaþjónusta býður upp á. (Umræðuskjal, bls. 9).



Bændasamtökin óska eftir frekari skýringum á þessari skoðun PFS enda er hér um grundvallarhagsmunamál umbjóðenda samtakanna að ræða og ekki eru færð fram sannfærandi tillögur um hvernig „brjóta eigi upp núverandi kyrrstöðu" né hvað felst í núverandi kyrrstöðu.

Bændasamtök Íslands óska með bréfi þessu eftir að fá að vera kölluð að samráði um þær breytingar sem kunna að verða gerðar og snerta hagsmuni umbjóðenda samtakanna. Ljóst er að ákvæði í fjarskiptalögum um kvöð um alþjónustu skiptir sköpum fyrir framtíðaruppbyggingu fjarskipta til lengri tíma litið. Samtökin telja umræðuskjalið ekki svara með nógu greinargóðum hætti hvaða breytingar á framtíðaruppbyggingu alþjónustu PFS er að leggja til í raun, og þá hvaða afleiðingar þessar breytingar muni hafa fyrir framtíðaruppbyggingu fjarskipta í dreifbýli og jafnræði í aðgengi íbúa landsins að fjarskiptum.

Virðingarfyllt
f.h. Bændasamtaka Íslands

Jón Baldur Lorange,
verkefnisstjóri